

Sunddeild Ungmennafélag Selfoss

Stjórnarfundur í Tíbrá á Selfossi þann 26. apríl 2007.

Mættir voru:

Sigrún Sunna Skúladóttir
Árni Laugdal
Björgvin Bjarnason

Sigurbjörg Björnsdóttir
Charlotte Sjørup Nielsen

Fundur settur klukkan 20:05

Rætt um fjölda félagsmanna og hví þeim hefur fjölgað um nærri 100 á milli ára og þátttöku fulltrúa á aðalfundi UMF Selfoss 2007. Árni og Björgvin taka það að sér að fara á fundinn fyrir hönd stjórnar.

Rætt um fyrirkomulag veitinga á fundinum hér að ofan. Ákveðið hverjir hringja út vegna veitingar og hverjir vera á staðnum til að sjá um hlaðborðið.

Formaður óskar eftir lágmarks vinnuálagi fram yfir próf um miðjan maí. Reynt verður að taka tillit til þess.

Formaður segir frá samningi Sundsambands Íslands og Símanns hf, sem Sunddeildin er þátttakandi að með óbeinum hætti. Formaður gengur frá þessu og athugar hvort frekari styrkir eins og greiðsla símakostnaðar komi til greina.

Samþykkt að fela yfirþjálfara að skoða púlsmæla og skila niðurstöðum til stjórnar.

Rætt um Ármannsmótið án þjálfara. Stjórnin er sammála því að þjálfarar fari á mót með iðkendum sínum. Þar sem þjálfari hafði fengið frí, en ekki forfallast, þessa helgi fellur þátttaka Sunddeildarinnar niður á Ármannsmótinu.

Einnig rætt að fyrirkomulag móta verði að setja í fastari farveg svo börn og aðstandendur viti um skipulagið með góðum fyrirvara (a.m.k. 2-3 vikur). Stefnt er að samantekt gæðahandbókar fyrir deildina. Björgvin tók að sér að leiða þá vinnu af stað.

Hi-Tec forritið komið. Ákveðið að geyma CD-diskana ásamt öðrum upplýsingum um forritið í skáp Sunddeildarinnar í Tíbrá.

Rætt um vefsíðuna og formanni falið að leita að umsjónarmanni fyrir hana.

Vorferð Bronshópsins rædd lítillega. Fram komu hugmyndir hvort ekki mætti sýna börnunum þakklætisvott fyrir samstarfið í vetur.

Fundi slitið klukkan 21:35

Árni Laugdal